



Reykjavík 20.nóvember 2024,

Grímsnes- og Grafningshreppur
b/t Sveitarstjóri Iða Marsibil Jónsdóttir
Borg
805 Selfoss

Hjólreiðaviðburður 21. Júní 2025

Hér með óska Reiðhjólábændur, grasrótarsamtök hjólreiðafólks, leyfis frá sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps vegna hjólreiðaviðburðar sem félagið vill gjarna halda laugardaginn 21. Júní 2025.

Í kynningu okkar sem fylgir þessu erindi eru nánari upplýsingar um tegund og eðli viðburðarins, þá leið sem fyrirhuguð er og annað sem máli skiptir við meðhöndlun málsins í sveitarstjórn, svo sem meginatriðin í áætlunum okkar hvað snertir öryggi þátttakenda í viðburðinum.

Við vonumst til að viðburðurinn verði góð viðbót við þá fjölmörgu menningar- og mannlísviðburði sem þegar fara fram í sveitarfélaginu og stuðli að því að enn fleira fólk fái góðar upplifanir í sveitarfélaginu. Þó flestir þátttakendur muni eflaust reyna að komast sem fyrst áfram leiðina og því stoppa stutt við í sveitarfélaginu gerum við samt ráð fyrir að flestir þurfi á einhverri þjónustu að halda og muni versla við þá aðila sem bjóða ferðafólki veitingar og aðra aðhlynningu.

Gangi okkar áætlanir eftir mun viðburðurinn fara fram árlega og við leggjum mikla áherslu á að eiga góð og jákvæð samskipti við alla samstarfsaðila. Sé einhverra frekari upplýsinga þörf er velkomið að hafa samband í síma 699-1357 eða með pósti á netfangið birgir.fannar.birgisson@gmail.com

Virðingarfyllt,

Birgir Fannar Birgisson
Formaður Reiðhjólábænda

Reiðhjólábændur eru stærstu grasrótarsamtök hjólreiðafólks á Íslandi, með um 9.300 meðlimi